

S A M Þ Y K K T

58
6. júní

um

lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Rakarastofum og hárgreiðslustofum í Vestmannaeyjum skal loka eftir því, sem ákveðið er í samþykkt þessari.

2. gr.

Alla virka daga árs frá 1. júní til 30. nóvember skal rakarastofum og hárgreiðslustofum lokað ekki síðar en kl. 7 síðdegis, nema á laugardögum og miðvikudaginn fyrir sumardaginn fyrsta og uppstigningardag kl. 8 síðd. Stofurnar skulu ekki opnaðar aftur fyrri en kl. 8½ árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4½ síðdegis og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu ekki síðar en kl. 6 síðd.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda stofunum opnum til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 1. júlí til 31. ágúst skal á laugardögum loka stofunum ekki síðar en kl. 6 síðd.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og 17. júní mega engar rakarastofur eða hárgreiðslustofur vera opnar. Annan helgidag stórhátíða og skírdag mega stofurnar þó vera opnar kl. 9—11 árdegis.

4. gr.

Menn, sem eru komnir inn í rakarastofur eða hárgreiðslustofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum gegn samþykktinni skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 79, 14 nóvember 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918 og lög nr. 12, 7. maí 1928 um viðauka við þau lög, er hérmeð staðfest til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.